

10. fundur 14. október 2015

Mættir: Hörður Helgi Helgason (formaður), Aðalheiður Ámundadóttir, Þórdís Kolbrún Gylfadóttir og Elísabet Pétursdóttir (starfsmaður)

---

HHH hóf fundinn á því að fara yfir að málaflokknum haturorðræðu var lokað á síðasta fundi og því hefur hann lokað þeim málaflokki á vefsvæðinu basecamp. Því næst gerði hann grein fyrir framgangi rafrænnar staðfestu í starfshópi um hagnýtingu internetsins o.fl. en þar sem sá hópur hefur tekið við því verkefni er það ekki lengur til umfjöllunar hjá okkar stýrihópi.

HHH fjallaði um ritgerð Baldurs Karls, sem fjallar um málskostnað í ærumeiðingarmálum. HHH gerði grein fyrir að ritgerðin fjallar um fleira en kælingu vegna málskostnaðar en Baldur Karls fer þar t.d. yfir að það sé gjarnan óljóst af hvaða ástæðum málskostnaður sé felldur niður eða ekki. Baldur Karl fjallar um að það séu hvorki lögfest viðmið um það álitaefni né skýr dómaframkvæmd.

HHH tók að sér að gera tillögur, sem fólgnar verða í að gegnsærra hvenær málskostnaður er felldur niður og hvenær ekki.

Næst ræddi AÁ um áfrýjunarleyfi í ærumeiðingarmálum og vísaði sérstaklega til nýfallins héraðsdóms (s-39/2014).

AÁ gerði grein fyrir að roadmap um uppljóstrun sé ekki tilbúið, en verkefnið er æði umfangsmikið.

Fjallað var um vinnu PP að því að undirbúa tillögur um að ærumeiðingarákvæði verði færð yfir í einkarétt.

Því næst var rætt um frumvarp sem snertir heimilisofbeldi, sem nú hefur verið birt til kynningar á heimasíðu Innanríkisráðuneytisins. HHH greinir frá að hann telji markmiðið vera að fullgilda samning um heimilisofbeldu gegn konum.

AÁ velti upp hvort tímabært væri að breyta 95. gr. almennra hegningarlaga og vísaði í *Hrd. 12. desember 2002 (nr. 328/2002)*. Niðurstaða fundarins var að fást ekki frekar við 95. gr. almennra hegningarlaga að svo stöddu, en að taka upp í vinnu PP um endurskoðun á meiðyrðaákvæðum hgl.

AÁ fjallaði um drög stýrihópsins að tillögum að breytingum á símhlustunarákvæðum í sakamálaöllum. ÞKG lagði til að AÁ, ÞKG og sérfræðingur úr innanríkisráðuneyti munu hittast á fundi og ræða tillögurnar. Þau munu sjá um að funda.

HHH ræddi nýjan dóm Evrópudómstólsins um ógildingu ákvörðunar ESB frá 2000 um öruggar hafnir (Safe harbour) og fyrirsjáanlega miklar afleiðingar hans.

Fjallað var um að fyrning meiðyrða fellur undir starf Pþ, sem mun útbúa lagafrumvarp til breytinga á ærumeiðingakafla almennra hegningarlaga.

Ákveðið var að geyma umræðu um meiðyrðamálaflakk þar til á næsta fundi þar sem EÝG var fjarverandi.

Fjallað um að EÝG sé með verkefni um frumvarp til laga um breytingu á 233. gr. a almennra hegningarlaga. Fram kom að athugasemdirnar sem ÞKG sendi hópnum voru ekki frá refsiréttarnefnd heldur frá Þorvaldi, sem er hins vegar nefndarmaður í refsiréttarnefnd.

Fjallað um að Pþ hafi tekið að sér að semja frumvarp til breytinga á ætumeiðingarkafa almennra hegningarlaga. Fyrirhugað að stýrihópurinn fái hreinskrifað frumvarp í hendurnar fyrir áramót.

Rætt um að EÝG hafi ætlað að skoða af hverju Norðmenn eru ekki búnir að lögleiða sínar tillögur um breytingar á ákvæðum er varða ærumeiðingar.

HHH sagðist ætla að fara betur yfir bréfadrög AÁ til höfundaréttarnefndar.

Fundartímar ákveðnir, þeir eru eftirfarandi:

4. desember, kl. 9-11 (á Landslögum)

15. desember, kl. 9-11

Fundi slitið.